

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2002 frá 31. maí 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekins skipulags og áætlana á umhverfið ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/391/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2i. **32001 L 0042**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekins skipulags og áætlana á umhverfið (Stjtið. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) b-liður 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar gildir ekki.
- b) Orðin „svo sem svæði sem eru tilgreind samkvæmt tilskipunum 79/409/EBE og 92/43/EBE“ skulu felld brott úr d-lið I. viðauka (upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 5. gr.) við tilskipunina.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 5.9.2002, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 5.9.2002, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30.

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/42/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.